

Framkvæmdastjóri lækninga LSH
Eiríksgötu
101 Reykjavík

Seltjarnarnesi 2.12. 2012.

Ágæti

Gott að vita að þú ert búin að lesa grein mína og viðtal í Fréttablaðinu, ráðlegg þér að fylgjast áfram með fjölmiðlum um þetta efni og rifja upp fleiri sambærileg mál spítalans en horfa jafnframt til framtíðar í þessum eignum. Bréf þitt dagsett 26.11. 2012, er enn ein máttlaus tilraun þín til að ljúka málinu. Nei, **máli Jóels er ekki lokið** af minni hálfu. Ég tek þessu bréfi þínu sem hótun og tilraun til þöggunar eins og þið hafið reyndar stundað frá því atvikið átti sér stað eða í næstum 12 ár. Er ekki komin tími til að finna aðrar gagnlegri aðferðir?

Þú segir " Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum tíma". Ég hef heyrt þetta oft áður frá yfirlæknum spítalans en tek það fram einu sinni enn að ég sé ekki samband milli andláts Jóels og þessa mikla vatnsflaums sem nú er kominn á haf út. Þú byggir þetta væntanlega á nákvæmu rannsókninni sem þú talar jafnframt um að sé lokið. Það eina nákvæma í bréfi þínu er dagsetningin 2. nóvember 2011. Annað í bréfinu á ekkert skylt við þetta alvarlega atvik sem leiddi son minn til dauða. Ég á ekki að þurfa að lýsa þjáningum mínum og fjölskyldunnar í kjölfarið né baráttunni fyrir lífi okkar.

Ég hef aldrei séð annað eins hugleysi og þekkingarleysi frá þessari annars ágætu stofnun. Þú veist hvað þarf að gera til að byggja upp traust á ný, það verkefni ykkar tek ég ekki að mér en er það ljúft og skylt að gera það sem ég get til að verja aðra fyrir þessari óáran.

Afsökunarbeiðnin sem þú vísar í var og er mjög ósannfærandi. Ég sé bara ekki neina viðurkenningu á mistökum. Hvað með hjúkrunarfræðingana sem gerðu sín mistök. Ekki ertu yfirmaður þeirra né getur þú beðist afsökunar fyrir þeirra hönd, þeir vita ekkert um málið né hvað gerðist.

Bréf þitt raskar ekki ró minni og held mínu striki. Ef þú telur það gagnast þá er velkominn að hafa samband eins og áður. Treysti því að þú finnur leið út úr þessari þoku ykkar.

Virðingarfyllst,

Auðbjörg Reynisdóttir, móðir Jóels

Afrit:

yfirlæknir
forstjóri
deildarstjóri
son, framkvæmdastjóri
; deildarstjóri
, deildarstjóri
aðstoðarframkvæmdastjóri

læknir
: framkvæmdastjóri hjúkrunar